

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2017, 1. mál.

Það er afar erfitt að átta sig á niðurstöðum fjárlagafrumvarpsins í heild og í einstökum málaflokkum vegna þess að framsetningu frumvarpsins hefur verið breytt og einnig skortir töfluyfirlit um niðurstöðurnar og samanburð við fyrri ár.

Svo virðist sem áætlað sé að útgjöld ríkissjóðs muni vaxa um tæp 9% á þessu ári en það þýðir að fjármál ríkisins ýkja hagsveifluna og stuðla að óstöðugleika í efnahagslífinu. Að auki er gert ráð fyrir 3,4% aukningu ríkisútgjalda á næsta ári. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs í heild verði jákvæð sem svarar 1% af landsframleiðslu á næsta ári. Í ljósi mikils hagvaxtar þyrfti aðhald ríkisins að vera mun meira og afkoman betri.

Ætla má að þensluáhrif frumvarpsins nemi um 32 ma. kr. þar af eru 8 ma. kr. á tekjuhlíð og 24 ma. kr. á útgjaldahlíð. Reynsla undangenginna ára kennir að þensluáhrif frumvarpsins munu aukast enn í meðförum Alþingis.

Áætlanir gera ráð fyrir að enn lengist hagvaxtarskeiðið sem þegar er orðið eitt hið lengsta í Íslandssögunni. Útgjöld vaxa hraðar en á síðasta hagvaxtarskeiði sem stóð frá 2004 – 2007. Skuldir ríkissjóðs eru mun meiri en þá var. Viðbúnaður vegna óvæntra atburða og hugsanlegs viðsnúnings í efnahagslífinu er því lítill og er það áhyggjuefni.

Að mati Samtaka atvinnulífsins eru helstu gallar frumvarpsins, auk þess sem að framan segir, að:

- Skuldir eru ekki greiddar nægilega hratt niður og vaxtakostnaður ríkissjóðs þar með hærri en æskilegt er,
- tryggingagjaldið mun ekki lækka í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa árs,
- tækifæri til virkari forgangsröðunar og kerfisbreytinga á útgjaldahlíð eru ekki nýtt og
- mikill vöxtur ríkistekna er ekki notaður til að einfalda skattkerfið og minnka slæma hvata.

Glærुकyning efnahagssvið SA á frumvarpinu er meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri